



KJÖLUR

*Stéttarfélag starfsmanna
í almannajónustu*

Lagabreytingar

1. gr.

Var

- Félagið heitir KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagssvæði þess er Austurland, Norðurland, Vesturland og Vestfirðir. (3/92020)
- Félagið er stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu og skiptist í tvo hluta, opinberan hluta (O-hluta) og almennan hluta (A-hluta).
- Í O-hlutanum eru einstaklingar sem aðild eiga á grundvelli 1. til 3. töluliðs 3. gr. laga þessara. Um starfsemi O-hluta félagsins gilda lög nr. 94/1986 við gerð kjarasamninga.
- Í A-hlutanum eru einstaklingar sem aðildarrétt eiga á grundvelli 4. töluliðs 3. gr. laga þessara. Um starfsemi A-hluta félagsins gilda lög nr. 80/1938 við gerð kjarasamninga.

Verður

- Félagið heitir KJÖLUR stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri. Félagssvæði þess er Austurland, Norðurland, Vesturland og Vestfirðir.
- Félagið er stéttarfélag starfsmanna í almannáþjónustu og skiptist í tvo hluta, opinberan hluta (O-hluta) og almennan hluta (A-hluta).
- Í O-hlutanum eru einstaklingar sem aðild eiga á grundvelli 1. til 3. töluliðs 3. gr. laga þessara. Um starfsemi O-hluta félagsins gilda Lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 við gerð kjarasamninga.
- Í A-hlutanum eru einstaklingar sem aðildarrétt eiga á grundvelli 4. til 5 töluliðs 3. gr. laga þessara. Um starfsemi A-hluta félagsins gilda Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 við gerð kjarasamninga.

Skýring: bætt við heiti á lögum

2. gr.

Var

Hlutverk félagsins er:

- a) að fara með umboð félagsmanna við gerð kjarasamninga og við aðrar sameiginlegar ákvarðanir félagsmanna.
- b) að gæta réttinda og skyldna félagsmanna í öllu því sem varðar laun, önnur kjör og starfsréttindi hvers konar. Það kemur opinberlega fram fyrir hönd félagsmanna.
- c) að starfa að öðrum þeim málum sem að mati stjórnar mega verða félagsmönnum til heilla og ánægju.
- d) að efla samvinnu með öllum félagsmönnum og öðru launafólki.

Verður

Hlutverk félagsins er:

- a) að fara með umboð félagsmanna við gerð kjarasamninga og við aðrar sameiginlegar ákvarðanir félagsmanna.
- b) að sinna hagsmunagæslu félagsmanna í öllu því er varðar laun, önnur kjör og starfsréttindi hvers konar.
- c) félagið kemur opinberlega fram fyrir hönd félagsmanna.
- d) að starfa að öðrum þeim málum sem að mati stjórnar mega verða félagsmönnum til heilla.
- e) að efla samvinnu með öllum félagsmönnum og öðru launafólki.

Skýring: liður b uppfærður og skipt upp í tvo liði

3. gr.

Var

Rétt til inngöngu í félagið eiga:

1. Einstaklingar sem starfa hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu.
 2. Einstaklingar sem starfa hjá stofnunum ríkisins á félagssvæðinu sem áður voru stofnanir sveitarfélaga.
 3. Einstaklingar, sem starfa hjá sjálfseignarstofnunum á félagssvæðinu sbr. 2. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.
 4. Einstaklingar sem starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum á félagssvæðinu sem starfa í almanna þágu, enda hafi viðkomandi stofnun eða starfsemi áður verið á vegum sveitarfélags, ríkis eða sjálfseignarstofnunar.
- Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert af ofan nefndum skilyrðum til þess að geta orðið félagsmaður og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagsmaður.

Skýring: 5 og 6 liður er viðbót og neðsti liður fær númer.

Verður

Rétt til inngöngu í félagið eiga:

1. Einstaklingar sem starfa hjá sveitarfélögum á félagssvæðinu.
2. Einstaklingar sem starfa hjá stofnunum ríkisins á félagssvæðinu sem áður voru stofnanir sveitarfélaga.
3. Einstaklingar, sem starfa hjá sjálfseignarstofnunum á félagssvæðinu sbr. 2. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986.
4. Einstaklingar sem starfa hjá fyrirtækjum og stofnunum á félagssvæðinu sem starfa í almanna þágu, enda hafi viðkomandi stofnun eða starfsemi áður verið á vegum sveitarfélags, ríkis eða sjálfseignarstofnunar.
5. Einstaklingar sem starfa hjá félagasamtökum sem starfa í almannaþágu eða á grundvelli almannaþé.
6. Stjórninn er heimilt að samþykkja einstaklinga sem starfa utan almannaþjónustu og eiga ekki aðild að öðru stéttarfélagi að undangenginn umræðu innan stjórna um lögætar aðstæður þar að baki.
7. Einstaklingur sem uppfyllir eitthvert af ofangreindum skilyrðum til þess að geta orðið félagsmaður og greiðir félagsgjald til félagsins, telst þar með félagsmaður.

4. gr.

Var

- Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg tilkynning til stjórnar og öðlast hún gildi frá þeim tíma er hún berst félagsstjórn enda sé félagsmaður þá skuldlaus við félagið. Úrsögn öðlast þó ekki gildi eftir að ákvörðun um verkfall hefur verið tekin og meðan á verkfalli stendur, heldur frestast gildistaka hennar þar til verkfalli lýkur.
- Halda skal aukaskrá yfir þá sem ekki eru félagsmenn, en greiða gjald til félagsins skv. 2. mgr. 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og hafa tilkynnt það skriflega, að þeir óski ekki eftir að vera félagsmenn. Þeir sem á aukaskrá eru, njóta ekki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda svo sem aðildar að sjóðum félagsins, en taka laun eftir kjarasamningi félagsins og njóta þjónustu samkvæmt honum. Ef sá sem á aukaskrá er óskar eftir að gerast félagsmaður skal hann tilkynna það stjórn félagsins skriflega og telst þá félagsmaður frá því tilkynningin berst stjórninni.

Skýring: Óbreytt

Verður

- Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg tilkynning til stjórnar og öðlast hún gildi frá þeim tíma er hún berst félagsstjórn enda sé félagsmaður þá skuldlaus við félagið. Úrsögn öðlast þó ekki gildi eftir að ákvörðun um verkfall hefur verið tekin og meðan á verkfalli stendur, heldur frestast gildistaka hennar þar til verkfalli lýkur.
- Halda skal aukaskrá yfir þá sem ekki eru félagsmenn, en greiða gjald til félagsins skv. 2. mgr. 7. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og hafa tilkynnt það skriflega, að þeir óski ekki eftir að vera félagsmenn. Þeir sem á aukaskrá eru, njóta ekki atkvæðisréttar né annarra félagsréttinda svo sem aðildar að sjóðum félagsins, en taka laun eftir kjarasamningi félagsins og njóta þjónustu samkvæmt honum. Ef sá sem á aukaskrá er óskar eftir að gerast félagsmaður skal hann tilkynna það stjórn félagsins skriflega og telst þá félagsmaður frá því tilkynningin berst stjórninni.

5. gr.

Var

- Gangi félagi úr þjónustu stofnanna ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignastofnanna eða félaga sem falla undir ákvæði 1 til 3. tl. 3. gr. eða hætti störfum hjá atvinnurekanda skv. 4. tl. 3. gr. telst hann ekki lengur í félaginu.
- Félagsmaður, sem verður atvinnulaus, á rétt til áframhaldandi félagsaðildar meðan hann er á skrá sem atvinnulaus, enda eigi hann ekki aðild að öðru stéttarfélagi.
- Atvinnulausir greiða félagsgjald en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti.
- Rísi deila um lögmæti uppsagnar félagsmanns út starfi telst hann þó félagsmaður þar til hún er til lykta leidd.
- Félagsmenn sem ráðnir eru til starfa hjá félaginu eða heildarsamtökum opinberra starfsmanna, halda enn fremur óskertum félagsréttindum meðan þeir gegna slíku starfi.

Verður

- Gangi félagi úr þjónustu stofnanna ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignastofnanna eða félaga sem falla undir ákvæði 3. gr. eða hætti störfum hjá atvinnurekanda telst hann ekki lengur í félaginu.
- Félagsmaður, sem verður atvinnulaus, á rétt til áframhaldandi félagsaðildar meðan hann er á skrá sem atvinnulaus, enda eigi hann ekki aðild að öðru stéttarfélagi. Atvinnulausir greiða félagsgjald en heimilt er stjórn félagsins að fella það niður að hluta eða öllu leyti.
- Félagsmaður sem lætur af starfi meðan hann er félagsmaður fyrir aldursakir, vegna veikinda eða hefur unnið sér rétt til eftirlauna eða örorkubóta, heldur réttindum skv. samþykktum í lífeyrisdeild ef hann kýs, en skal vera gjaldfrjál.
- Rísi deila um lögmæti uppsagnar félagsmanns úr starfi telst hann þó félagsmaður þar til hún er til lykta leidd.
- Félagsmenn sem ráðnir eru til starfa hjá félaginu eða heildarsamtökum opinberra starfsmanna, halda enn fremur óskertum félagsréttindum meðan þeir gegna slíku starfi.

6. gr. – ný grein

- Þeir félagsmenn sem greiða félagsgjöld til Kjalar teljast virkir félagsmenn. Einungis virkir félagsmenn geta boðið sig fram, verið skipaðir og tekið að sér trúnaðarstörf fyrir Kjöl, sjóði, nefndir og ráð, ásamt nefndum BSRB.
- Verði lengra en þriggja mánaða rof á greiðslu félagsgjalds félagsmanns til félagsins leiðir það sjálfkrafa til þess að félagsmaðurinn er leystur frá öllum trúnaðarstörfum fyrir Kjöl, sjóði, nefndir og ráð að ásamt nefndum BSRB.
- Stjórn Kjalar er þó heimilt að veita tímabundna undanþágu að hámarki 6 mánuði í senn til áframhaldandi trúnaðarstarfa þrátt fyrir að félagsmaður sé ekki virkur félagsmaður.
- Grein þessi á ekki við um starfsmenn meðan ráðning varir.

Skýring: Ný grein

Var 6 .gr. verður 7. gr.

Var

- Stjórn félagsins skal skipuð níu félagsmönnum, formanni og sex meðstjórnendum, auk tveggja til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórnin kýs úr sínum hópi varaformann, ritara og gjaldkera.

Verður

- Stjórn félagsins skal skipuð ellefu félagsmönnum, formanni og tíu meðstjórnendum, auk tveggja til vara. Stjórnarmenn skulu kosnir til þriggja ára í senn. Formann skal kjósa sérstaklega. Stjórnin kýs úr sínum hópi varaformann og ritara . Heimilt er stjórn að skipa undirnefndir vegna sérverkefna sem stjórn hefur á borði sínu.

Skýring: 6. gr. var skipt upp. Viðbót: Heimilt er stjórn að skipa undirnefndir vegna sérverkefna sem stjórn hefur á borði sínu.

Var 6 .gr. verður 8. gr.

Var

- Trúnaðarmannaráð gerir tillögu um stjórnarmenn úr sínum röðum eða úr röðum almennra félagsmanna. Félagsmenn geta gert tillögu um stjórnarmenn og verða að minnsta kosti 25 félagsmenn að standa að tillögu félagsmanna um hvern stjórnarmann. Allar tillögur skulu vera skriflegar og berast stjórn félagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund. Tillögum skal fylgja nafn, kennitala, starfsheiti, heimilisfang og heiti vinnustaðar þeirra sem tillaga er gerð um. Tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um en að öðrum kosti telst tillaga um hann ógild.

Verður

- Trúnaðarmannaráð gerir tillögu um stjórnarmenn úr sínum röðum eða úr röðum almennra félagsmanna. Við val á meðstjórnendum skal ávalt gætt að valdir séu fulltrúar frá hverri svæðisdeild. Félagsmenn geta gert tillögu um stjórnarmenn og verða að minnsta kosti 25 félagsmenn að standa að tillögu félagsmanna um hvern stjórnarmann. Allar tillögur skulu vera skriflegar og berast stjórn félagsins a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund. Tillögum skal fylgja nafn, kennitala, starfsheiti, heimilisfang og heiti vinnustaðar þeirra sem tillaga er gerð um. Tillögum skal fylgja skriflegt samþykki þeirra sem tillaga er gerð um en að öðrum kosti telst tillaga um hann ógild.

Skýring: 6. gr. var skipt upp. Viðbót: Við val á meðstjórnendum skal ávalt gætt að valdir séu fulltrúar frá hverri svæðisdeild.

Var 6 .gr. verður 9. gr.

Var

- Kosning stjórnar fer fram við allsherjaratkvæðagreiðslu. Kjörstjórn skal senda félagsmönnum kjörgögn og skal við frágang þeirra hafa hliðsjón af því sem tíðkast við utankjörfundarkosningu til Alþingis. Kosning skal standa yfir a.m.k. 15 sólarhringa og skal henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði, sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum skulu ógild. Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal nafn frambjóðenda, vinnustað og starfsheiti.
- Komi fram tillaga um fleiri frambjóðendur en kjósa skal getur hver félagsmaður kosið allt að átta meðstjórnendur og tvo varamenn. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir. Ef frambjóðendur eru jafnmargir stjórnarsætum teljast þeir sjálfkjörnir.
- Kjörseðill skal vera tvískiptur þannig:
 1. hluti fyrir formannskjör.
 2. hluti fyrir kjör meðstjórnenda og varamanna.

Verður

- Kosning stjórnar fer fram við allsherjaratkvæðagreiðslu. Kjörstjórn skal senda félagsmönnum kjörgögn . og skal við frágang þeirra hafa hliðsjón af því sem tíðkast við utan kjörfundarkosningu til Alþingis. Atkvæðagreiðsla skal fara fram með rafrænum hætti ef því verður við komið, annars skriflegum og þá skal hafa hliðsjón af því sem tíðkast við utankjörfundarkosningu til Alþingis varðandi frágang kjörgagna. Kosning skal standa yfir í a.m.k. 10 daga ef hún er rafræn en 15 daga annars og skal henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum skulu ógild.
- Kjörseðill skal vera tvískiptur þannig:
 1. hluti fyrir formannskjör.
 2. hluti fyrir kjör meðstjórnenda og varamanna.
- Nöfnum frambjóðenda skal raðað í stafrófsröð í hverjum hluta. Tilgreina skal nafn frambjóðenda, vinnustað og starfsheiti. Komi fram tillaga um fleiri frambjóðendur en kjósa skal getur hver félagsmaður kosið allt að átta meðstjórnendur og tvo varamenn. Þeir sem flest atkvæði hljóta teljast rétt kjörnir. Ef frambjóðendur eru jafnmargir stjórnarsætum teljast þeir sjálfkjörnir.

Skýring: Viðbót: Kosning skal standa yfir í a.m.k. 10 daga ef hún er rafræn en 15 daga annars og skal henni lokið sólarhring fyrir aðalfund. Atkvæði sem berast kjörstjórn að þeim tíma liðnum skulu ógild.

Síðasti liður 1 málslíðar færður niður ásamt 2. málslíð.

Var 7. gr. verður 10. gr.

Var

- Ef fjórir stjórnarmenn krefjast þess skriflega, að haldinn sé stjórnarfundur til þess að taka fyrir eitthvert tiltekið mál, skal formaður verða við þeirri beiðni innan þriggja sólarhringa. Sinni formaður ekki slíkri kröfu innan tilgreinds frests, er stjórnarmönnum heimilt að boða til stjórnarfundar með eins sólarhrings fyrirvara.
- Fundir stjórnar eru ályktunarbærir þegar fimm eða fleiri stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum. Stjórnarmönnum skal send dagskrá stjórnarfunda með umsömdum fyrirvara stjórnar. Boða skal varamenn á stjórnarfundi.

Verður

- Ef fjórir stjórnarmenn krefjast þess skriflega, að haldinn sé stjórnarfundur til þess að taka fyrir eitthvert tiltekið mál, skal formaður verða við þeirri beiðni innan þriggja sólarhringa. Sinni formaður ekki slíkri kröfu innan tilgreinds frests, er stjórnarmönnum heimilt að boða til stjórnarfundar með eins sólarhrings fyrirvara.

Skýring: Síðari málsliður færður í nýja grein 12. gr. – að öðruleyti óbreytt

Var 8 .gr. verður 11. gr.

Var

- Ef stjórnarmaður gengur úr félaginu eða hættir stjórnarstörfum, skal varamaður taka sæti hans. Ef fleiri en tveir stjórnarmenn ganga úr stjórn, skal stjórnin skipa stjórnarmenn og varamenn í þeirra stað til bráðabirgða til næsta aðalfundar þegar stjórnarkjör skal fara fram.

Verður

- Ef stjórnarmaður gengur úr félaginu eða hættir stjórnarstörfum, skal varamaður taka sæti hans. Ef fleiri en tveir stjórnarmenn ganga úr stjórn, skal stjórnin skipa stjórnarmenn og varamenn í þeirra stað til bráðabirgða til næsta aðalfundar þegar stjórnarkjör skal fara fram.

Skýring: Verður 11. gr.

Var 9 .gr. verður 12. gr.

Var

- Stjórnin fer með ákvörðunarvald í málefnum félagsins milli aðalfunda og annast framkvæmd ákvarðana aðal- og félagsfunda og þeirrar stefnu sem þar hefur verið mótuð.
- Stjórnin skal hlíta lögum þessum og sjá um að þeim sé framfylgt, og hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi. Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna félagsins og semur um ráðningarkjör við þá og setur þeim starfslýsingu.

Verður

- Stjórnin fer með ákvörðunarvald í málefnum félagsins milli aðalfunda og annast framkvæmd ákvarðana aðal- og félagsfunda og þeirrar stefnu sem þar hefur verið mótuð.
- Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar mætir. Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Stjórnarmönnum skal send dagskrá stjórnarfunda með umsömdum fyrirvara stjórnar. Boða skal varamenn á stjórnarfundum.
- Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum og eignum félagsins og tekur allar meiriháttar ákvarðanir er lúta að fjármálum og fjárhagsskuldbindingum þess.
- Stjórnin vinnur að stefnumótun félagsins og stuðlar að framgangi mála sem félagið hefur sett sér. Stjórnin sér um að skipulag og starfsemi félagsins sé í samræmi við lög þess.
- Stjórnin skal hlíta lögum þessum og sjá um að þeim sé framfylgt, og hafa hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi.
- Stjórn félagsins hefur æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda.
- Stjórnin tekur ákvarðanir um ráðningu starfsmanna félagsins og semur um kjör þeirra.
- Stjórnin felur formanni daglegan rekstur félagsins og ákveður laun hans.

Skýring: Færðar saman greinar og bætt við til frekari skýringa

10. gr. – felld út

Var

- Halda skal gjörðabók um það sem fjallað er um á fundum stjórnar.

Skýring: Felld út vegna rafrænna skráninga

11. gr. verður 13. gr.

Var

- Formaður er aðalforsvarsmaður félagsins. Hann boðar til funda og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum.
- Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans og er honum jafnframt til aðstoðar við lausn mála.
- Ritari heldur gjörðabók og færir í hana fundargerðir stjórnar og annarra funda á vegum stjórnar. Ritari er varaformanni til aðstoðar í forföllum formanns.
- Gjaldkeri sér um öll þau mál sem snúa að fjárhag félagsins. Hann leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins á aðalfundi.

Verður

- Formaður er aðalforsvarsmaður félagsins. Hann boðar til funda og gegnir öðrum venjulegum formannsstörfum.
- Varaformaður gegnir störfum formanns í forföllum hans og er honum jafnframt til aðstoðar við lausn mála.
- Ritari heldur gjörðabók og færir í hana fundargerðir stjórnar og annarra funda á vegum stjórnar. Ritari er varaformanni til aðstoðar í forföllum formanns.

Skýring: Grein um gjaldkera fellur út

12. gr. verður 14. gr.

Var

- Í fulltrúaráði sitja stjórn félagsins, aðal- og varamenn, aðaltrúnaðarmaður eða staðgengill hans frá hverri svæðisdeild fyrir fyrstu 200 félagsmenn og að auki viðbótarfulltrúar fyrir hverja 200 félagsmenn svæðisdeildar þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu.
- Hlutverk fulltrúaráðs er að vera stjórn félagsins til ráðuneytis. Fulltrúaráð kemur að stefnumótun félagsins og gerð kjarasamninga. Fundir þess skulu vera a.m.k. tvisvar á ári.
- Fulltrúaráð kýs samninganefnd við gerð kjarasamninga. Stjórn, að höfðu samráði við viðkomandi samninganefnd tekur ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls, og fer um boðunina skv. 15. gr. laga nr. 94/1986 eða II. Kafla nr. 80/1938 eftir því sem við á.
- Samninganefnd kynnir stjórn, nýgerða kjarasamninga. Stjórn ákveður með hvaða hætti kynning fer fram. Stjórn ákveður hvernig staðið skuli að atkvæðagreiðslu um kjarasamning. Getur form kosningarinnar verið (1) skrifleg á kjörstað, (2) allsherjaratkvæðagreiðsla eða (3) meirihlutaákvörðun á félagsfundi.
- Fundir fulltrúaráðs eru lögmætir ef 17 fulltrúaráðsmenn eru viðstaddir. Fundir skulu haldnir eins oft og þurfa þykir. Skýlt er að halda fulltrúaráðsfund ef 1/3 fulltrúa óska þess skriflega. Halda skal gjörðabók yfir fundi fulltrúaráðs og er hún jafnframt gjörðabók stjórnar.

Verður

- Í fulltrúaráði sitja stjórn félagsins, aðal- og varamenn, aðaltrúnaðarmaður eða staðgengill hans frá hverri svæðisdeild fyrir fyrstu 200 félagsmenn og að auki viðbótarfulltrúar fyrir hverja 200 félagsmenn svæðisdeildar þar fram yfir eða brot úr þeirri tölu.
- Hlutverk fulltrúaráðs er að vera stjórn félagsins til ráðuneytis. Fulltrúaráð kemur að stefnumótun félagsins og gerð kjarasamninga. Fundir þess skulu vera a.m.k. tvisvar á ári.
- Fulltrúaráð kýs samninganefnd við gerð kjarasamninga.
- Samninganefnd kynnir stjórn, nýgerða kjarasamninga. Stjórn ákveður með hvaða hætti kynning fer fram. Stjórn ákveður hvernig staðið skuli að atkvæðagreiðslu um kjarasamning. Getur form kosningarinnar verið (1) skrifleg á kjörstað, (2) allsherjaratkvæðagreiðsla rafræn eða skrifleg eða (3) meirihlutaákvörðun á félagsfundi.
- Fundir fulltrúaráðs eru lögmætir ef 17 fulltrúaráðsmenn eru viðstaddir. Fundir skulu haldnir eins oft og þurfa þykir. Skýlt er að halda fulltrúaráðsfund ef 1/3 fulltrúa óska þess skriflega. Halda skal gjörðabók yfir fundi fulltrúaráðs og er hún jafnframt gjörðabók stjórnar.

Skýring: 3 liður færður

13. gr. verður 15. gr.

Var

- Í félaginu skal vera trúnaðarmannaráð, skipað trúnaðarmönnum sem kjörnir eru á vinnustöðum samkvæmt 24. gr. þessara laga, 28. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, og 9. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, til tveggja ára í senn.
- Trúnaðarmannaráð kemur saman a.m.k. einu sinni á ári. Hlutverk þess er að taka ákvarðanir um þau málefni sem stjórnin leitar eftir til ráðsins, eins og öll meiri háttar hagsmuna-, stefnu- og félagsmál hverju sinni. Formaður félagsins er formaður trúnaðarmannaráðs og boðar til funda.

Verður

- Í félaginu skal vera trúnaðarmannaráð, skipað trúnaðarmönnum sem kjörnir eru á vinnustöðum samkvæmt 24. gr. þessara laga, 28. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986, og 9. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, til tveggja ára í senn.
- Trúnaðarmannaráð kemur saman a.m.k. einu sinni á ári. Hlutverk þess er að taka ákvarðanir um þau málefni sem stjórnin leitar eftir til ráðsins, eins og öll meiri háttar hagsmuna-, stefnu- og félagsmál hverju sinni. Formaður félagsins er formaður trúnaðarmannaráðs og boðar til funda.

Skýring: Verður 15.gr. - óbreytt

14. gr. verður 16. gr.

Var

- Kjörstjórn skal skipuð þremur félagsmönnum og tveimur til vara og skal hún kosin . á aðalfundi til þriggja ára. Kjörstjórn skal taka saman tilnefningar til kjörs stjórnar, kjörstjórnar, löggilts endurskoðanda, félagslegra skoðunarmanna og stjórnar vinnudeilusjóðs.
- Kjörstjórn annast aðrar kosningar á vegum félagsins sem stjórnin felur henni að sjá um og gætir þess að félagaskrá sé rétt. Sé kjörstjórnarmaður í framboði við stjórnarkjör, skal hann víkja sæti fyrir varamanni.
- Kjörstjórn sker úr um gildi vafaatkvæða. Kjörstjórn ákveður, hvar og hvenær talning atkvæða fer fram. Frambjóðendur við formannskjör eða umboðsmenn þeirra mega vera viðstaddir talningu. Kjörstjórn skal halda gjörðabók og færa í hana allt sem kosningu varðar, undirbúning, framkvæmd og niðurstöður.
- Félagsmenn setja kross fyrir framan nafn þess er þeir kjósa. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn.

Verður

- Kjörstjórn skal skipuð þremur félagsmönnum og tveimur til vara og skal hún kosin á aðalfundi til þriggja ára. Kjörstjórn skal taka saman tilnefningar til kjörs stjórnar, kjörstjórnar, löggilts endurskoðanda, félagslegra skoðunarmanna og stjórnar átaks- og vinnudeilusjóðs.
- Kjörstjórn annast aðrar kosningar á vegum félagsins sem stjórnin felur henni að sjá um og gætir þess að félagaskrá sé rétt. Kjörstjórn tekur ákvörðun hvernig kosningu skuli háttað, rafræn eða skrifleg. Sé kjörstjórnarmaður í framboði við stjórnarkjör, skal hann víkja sæti fyrir varamanni.
- Kjörstjórn sker úr um gildi vafaatkvæða. Kjörstjórn ákveður, hvar og hvenær talning atkvæða fer fram. Frambjóðendur við formannskjör eða umboðsmenn þeirra mega vera viðstaddir talningu. Kjörstjórn skal halda gjörðabók og færa í hana allt sem kosningu varðar, undirbúning, framkvæmd og niðurstöður.
- Félagsmenn hafa frjálst val að kjósa þá menn sem í kjöri eru og skulu þeir gera það á þann hátt að merkja við fyrir framan nafn þess er þeir kjósa. Öll önnur merki eða áritanir ógilda kjörseðilinn.

Skýring: Leiðrétt nafn á Átaks- og vinnudeilu sjóði, bætt inn um rafrænar atkvæða greiðslur og einnig hvernig merkja má kjörseðla.

15. gr. verður 17. gr.

Var

- Stjórnin skipar í orlofsnefnd átta félagsmenn til þriggja ára í senn. Nefndinni er ætlað að vera stjórn félagsins til aðstoðar við umsjón orlofsmöguleika sem félagið býður upp á hverju sinni. Nefndin skal hafa umsjón með eignum orlofssjóðs félagsins. Stjórn setur nefndinni starfsreglur og vinnur fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn sem nefndin vinnur eftir.

Verður

- Stjórnin skipar í orlofsnefnd átta félagsmenn til þriggja ára í senn. Nefndinni er ætlað að vera stjórn félagsins til aðstoðar við umsjón orlofsmöguleika sem félagið býður upp á hverju sinni. Nefndin skal hafa umsjón með eignum orlofssjóðs félagsins. Stjórn setur nefndinni starfsreglur og vinnur fjárhagsáætlun fyrir sjóðinn sem nefndin vinnur eftir. Leitast skal við að hafa fulltrúar frá hverri starfsdeild.

Skýring: viðbót „Leitast skal við að hafa fulltrúar frá hverri starfsdeild.“

16. gr. verður 18. gr.

Var

- Stjórnin skipar í lagabreytinganefnd þrjú félagsmenn og einn til vara, til þriggja ára í senn. Nefndin skal sjá um endurskoðun á lögum félagsins.

Skýring: Óbreytt – verður 18.gr.

17. gr. verður 19. gr.

Var

- Samninganefnd skal skipuð af fulltrúaráði. Samninganefndin hefur yfirumsjón með gerð einstakra kjarasamninga við fyrirtæki, ríkið, sveitarfélög, sjálfseignastofnanir auk stofnanasamninga. Þegar kemur að samningum fyrir einstaka hópa skal samninganefndin skipta sér niður og fá til liðs við sig trúnaðarmenn eða félagsmenn sem starfa á þeim vettvangi sem um ræðir. Ákvarðanir um kaup og kjör sem varða einn hópinn sérstaklega skulu einungis bornar undir hann.

Skýring: Óbreytt – verður 19. gr.

18. gr. verður 20. gr.

Var

- Félagsfundi skal boða með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, nema brýna nauðsyn beri til annars, að dómi stjórnar sem boðar til fundarins. Auglýsa skal fundi á vinnustöðum og í fjölmiðlum eða á annan sambærilegan hátt. Jafnan skal tilgreina fundarefni í fundarboðinu. Takist ekki að ljúka fundarstörfum á einum fundi, skal boða til framhaldsfundar svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan sjö sólarhringa.
- Fundar telst löglegur ef löglega er til hans boðað.
- Félagsmenn geta krafist þess, að fundur verði haldinn í félaginu og er stjórninni skylt að taka það til greina, ef 1/10 hluti félagsmanna krefst þess og tilgreinir fundarefni.

Verður

- Félagsfundi skal boða með minnst tveggja sólarhringa fyrirvara, nema brýna nauðsyn beri til annars, að dómi stjórnar sem boðar til fundarins. Fundurinn skal auglýstur á sem tryggilegastan hátt í fjölmiðlum eða þar sem hentar þykir. Jafnan skal tilgreina fundarefni í fundarboðinu. Takist ekki að ljúka fundarstörfum á einum fundi, skal boða til framhaldsfundar svo fljótt sem kostur er og eigi síðar en innan sjö sólarhringa.
- Fundar telst löglegur ef löglega er til hans boðað.
- Félagsmenn geta krafist þess, að fundur verði haldinn í félaginu og er stjórninni skylt að taka það til greina, ef 1/10 hluti félagsmanna krefst þess og tilgreinir fundarefni.
- Afl atkvæða ræður úrslitum mála á félagsfundum nema þar sem öðruvísi kann að verða ákveðið í lögum þessum.

Skýring: Viðbót um auglýsingar um tryggilegan hátt, bætt við um afl atkvæða.

19. gr. verður 21. gr.

Var

- Aðalfund skal auglýsa með 35 sólarhringa fyrirvara á vinnustöðum og í fjölmiðlum eða á annan hátt. Jafnframt skal auglýst eftir tillögum um stjórnarmenn þegar stjórnarkjör fer fram, sbr. 6. gr.
- Aðalfundur skal haldinn í mars eða apríl ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi, skal boða til framhaldsaðalfundar eigi síðar en innan 20 daga. Leitast skal við að hafa aðalfundarstað breytilegan eftir landshlutum milli ára.
- Heimilt er að boða til aukaaðalfundar ef stjórn félagsins telur ástæðu til. Skal það þá gert með minnst 10 sólarhringa fyrirvara.
- Dagskrá aðalfundar er sem hér segi:
 1. Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
 2. Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
 3. Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga.
 4. Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
 5. Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 6. Kosnir þrír menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
 7. Kosning fulltrúa á þing BSRB það ár sem þingið er.
 8. Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
 9. Tekin fyrir málefni starfsmenntunarsjóðs skv. reglum sjóðsins.
 10. Tekin fyrir málfeni Vinnudeilusjóðs, skv. reglugerð sjóðsins.
 11. Samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.
 12. Önnur mál sem getið er sérstaklega í fundarboði, s.s. kjaramál eða annað.
 13. Önnur mál.
- Töluliðir 4, 5 og 6 eiga við eftir atvikum.

Click to add text

Verður

- Aðalfundur skal auglýstur á tryggilegan hátt með a.m.k. 35 sólarhringa fyrirvara. Jafnframt skal auglýst eftir tillögum um stjórnarmenn þegar stjórnarkjör fer fram, sbr. 7-9. gr.
- Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Takist ekki að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi, skal boða til framhaldsaðalfundar eigi síðar en innan 20 daga. Leitast skal við að hafa aðalfundarstað breytilegan eftir landshlutum milli ára.
- Heimilt er að boða til aukaaðalfundar ef stjórn félagsins telur ástæðu til. Skal það þá gert með minnst 10 sólarhringa fyrirvara.
- Dagskrá aðalfundar er sem hér segi:
 - Stjórn félagsins gefur skýrslu um starfsemi félagsins á síðastliðnu ári.
 - Lagðir fram til úrskurðar endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár.
 - Tekin ákvörðun um tillögur til lagabreytinga.
 - Úrslit allsherjaratkvæðagreiðslu í stjórnarkjöri kynnt.
 - Kosinn löggiltur endurskoðandi félagsreikninga, tveir skoðunarmenn og tveir til vara.
 - Kosnir þrír menn í kjörstjórn og jafnmargir til vara.
 - Kosning fulltrúa á þing BSRB það ár sem þingið er.
 - Ákveðið árgjald félagsmanna og skipting þess milli sjóða.
 - Tekin fyrir málefni starfsmenntunarsjóðs skv. reglum sjóðsins.
 - Tekin fyrir málefni Átaks- og vinnudeilusjóðs, skv. reglugerð sjóðsins.
 - Samþykkt fjárhagsáætlun næsta árs.
 - Önnur mál sem getið er sérstaklega í fundarboði, s.s. kjaramál eða annað.
 - Önnur mál.
 - Töluliðir 4, 5, 6 og 7 eiga við eftir atvikum.

Skýring: liður 10 – nafni á Átaks- og vinnudeilusjóði breytt, tilvísanir aðlagar í síðasta lið

20. gr. verður 22. gr.

Var

- Fundum skal stjórnað samkvæmt fundarsköpum BSRB. Afl atkvæða ræður, en mál fellur á jöfnum atkvæðum. Falli atkvæði jöfn í kosningu gildir hlutkestisreglan.

Skýring: Óbreytt – verður 22. gr.

21. gr. verður 23. gr.

Var

- Reikningsár félagsins er almanaksárið. Til þess að standa straum af kostnaði við starfsemi félagsins greiða félagsmenn mánaðarlega félagsgjald til þess að samkvæmt ákvörðun aðalfundar og skal miðað við hundraðshluta allra launa. Í félagsgjaldinu er innifalið árgjald til BSRB samkvæmt ákvörðun bandalagsins. Einnig er innifalið gjald í Vinnudeilusjóð og Áfallasjóð samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Verður

- Reikningsár félagsins er almanaksárið. Til þess að standa straum af kostnaði við starfsemi félagsins greiða félagsmenn mánaðarlega félagsgjald til þess að samkvæmt ákvörðun aðalfundar og skal miðað við hundraðshluta allra launa. Í félagsgjaldinu er innifalið árgjald til BSRB samkvæmt ákvörðun bandalagsins. Einnig er innifalið gjald í Átaks- og vinnudeilusjóð og Áfallasjóð samkvæmt ákvörðun aðalfundar.
- Reikningsár félagsins er almanaksárið. Endurskoðaðir reikningar félagsins skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund.
- Tillögur sem fela í sér breytingar á útgjöldum fyrir félagsmenn er einungis heimilt að afgreiða á aðalfundi félagsins að undangenginni kynningu á tillögunni í fundarboði.

Skýring: Bætt við Átaks-og vinnudeilu sjóðs, viðbót að reikningar skuli liggja frammi til skoðunar

22. gr. verður 24. gr.

Var

- Innan félagsins starfa svæðisdeildir sem hafa það hlutverk að vinna hagsmunamálum svæðisdeildarinnar og félagsins. Starfssvið deildarinnar þarf að hljóta staðfestingu stjórnar félagsins, jafnframt skulu deildirnar senda stjórn félagsins fundargerðir sínar.
- Trúnaðarmenn í hverri svæðisdeild kjósa sér aðaltrúnaðarmann og tvo trúnaðarmenn aðaltrúnaðarmanni til aðstoðar, þeir mynda síðan svæðisráð svæðisdeilda.

Helstu hlutverk svæðisdeilda eru:

- Að afla upplýsinga fyrir aðalstjórn til framfara hverju sinni.
- Að dreifa upplýsingum og aðstoða félagsmenn
- Að funda þegar þurfa þykir um sérmál svæðisins og koma tillögum til aðalstjórnar.
- Að gera tillögur til aðalstjórnar um fjárframlög til svæðisdeildarinnar.
- Að halda fundi árlega með þátttöku stjórnar/ starfsmanna.
- Að sjá um skemmtiferðir/árshátíðir.
- Að stuðla að samheldni og samvinnu meðal félagsmann.
- Að vinna að þeim hagsmunamálum sem upp koma hverju sinni

Svæðisdeildir eru sem hér segir:

- Borgarfjarðardeild
- Dala- og Snæfellsnesdeild
- Dalvíkurbyggðardeild
- FOSHÚN deild
- Siglufjarðardeild
- Skagafjarðardeild
- STAK - deild
- FOSVEST - deild
- Starfsráð, geta þeir stofnað, sem vinna störf sem krefjast hliðstæðrar menntunar eða stöðu s.s. stjórnendur, faghópar, skrifstofumenn og aðstoðar fólk. Starfsráð getur verið stofnað þvert á deildir. Hlutverk starfsráða er að mynda sameiginlegan starfsvettvang til að efla faglega þætti starfanna og hagsmuni um kjara- og réttindamál.

Verður

- Innan félagsins starfa svæðisdeildir sem hafa það hlutverk að vinna hagsmunamálum svæðisdeildarinnar og félagsins. Starfssvið deildarinnar þarf að hljóta staðfestingu stjórnar félagsins sem setur þeim samþykktir jafnframt skulu deildirnar senda stjórn félagsins fundargerðir sínar. Fundir svæðisdeildar skulu haldnir eftir því sem þurfa þykir. Skrifstofur Kjalar skal vera deildunum innan handar.
- Trúnaðarmenn í hverri svæðisdeild kjósa sér aðaltrúnaðarmann og tvo trúnaðarmenn aðaltrúnaðarmanni til aðstoðar, þeir mynda síðan svæðisráð hverrar svæðisdeildar.

Helstu hlutverk svæðisdeilda eru:

- Að afla upplýsinga fyrir aðalstjórn til framfara hverju sinni.
- Að dreifa upplýsingum og aðstoða félagsmenn
- Að funda þegar þurfa þykir um sérmál svæðisins og koma tillögum til aðalstjórnar.
- Að gera tillögur til aðalstjórnar um fjárframlög til svæðisdeildarinnar.
- Að halda fundi árlega með þátttöku stjórnar/ starfsmanna.
- Að sjá um skemmtiferðir/árshátíðir.
- Að stuðla að samheldni og samvinnu meðal félagsmann.
- Að vinna að þeim hagsmunamálum sem upp koma hverju sinni

Svæðisdeildir eru sem hér segir:

- Borgarfjarðardeild
- Dala- og Snæfellsnesdeild
- Dalvíkurbyggðardeild
- FOSHÚN deild
- FOSVEST – deild
- Fjallabyggðardeild
- Skagafjarðardeild
- STAF – deild
- STAK – deild

Skýring: Aðlaga eftir sameiningu og skerpa á hlutverki svæðisdeilda, viðbót: um að stjórn setji þeim samþykktir og að fundir svæðisdeildar skulu haldnir eftir því sem þurfa þykir. Skrifstofur Kjalar skal vera deildunum innan handar. 25. gr. fjallar um starfsgreinaráð og fellur því út í þeirri mynd sem sér sést.

22. gr. verður 25. gr.

Var

- Starfsráð, geta þeir stofnað, sem vinna störf sem krefjast hliðstæðrar menntunar eða stöðu s.s. stjórnendur, faghópar, skrifstofumenn og aðstoðarfólk. Starfsráð getur verið stofnað þvert á deildir. Hlutverk starfsráða er að mynda sameiginlegan starfsvettvang til að efla faglega þætti starfanna og hagsmuni um kjara- og réttindamál.

Verður

- Starfsgreinadeild, geta þeir stofnað, sem vinna sambærileg störf. Starfsgreinadeild er stofnuð þvert á félagið. Hlutverk starfsgreinadeilda er að mynda sameiginlegan starfsvettvang til að efla faglega þætti starfanna og hagsmuni um kjara- og réttindamál. Stjórn setur samþykktir um starfsgreinadeildir.

Skýring: Fært úr 22. gr. og verður ný grein um Starfsgreinadeildir

23. gr. verður 26. gr.

Var

- Innan félagsins starfi deild eftirlaunaþega. Starfsreglur deildarinnar þurfa að hljóta staðfestingu stjórnar félagsins. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um sérmál er varða réttindi lífeyrisþega og hagsmuni, svo og almennt félagsstarf og kynningu. Ennfremur skal í reglum deildarinnar vera ákvæði um félagsréttindi eftirlifandi maka lífeyrisþega. Formaður deildar lífeyrisþega skal boðaður á stjórnarfundi þegar á dagskrá eru mál sem varða málefni lífeyrisþega.

Verður

- Innan félagsins starfar lífeyrisdeild fyrir félagsmenn sem láta af störfum vegna aldurs eða örorku Samþykktir deildarinnar þurfa að hljóta staðfestingu stjórnar félagsins. Í þeim skal m.a. kveðið á um tilgang deildarinnar, sem er að fjalla um sérmál er varða réttindi lífeyrisþega og hagsmuni, svo og almennt félagsstarf og kynningu. Formaður deildar lífeyrisþega skal boðaður á stjórnarfundi þegar á dagskrá eru mál sem varða málefni lífeyrisþega.

Skýring: Breyting á nafni deildar svo hún nái utan um allan hópinn og staða þeirra styrkt meðfram þróun félagsins.

24. gr. verður 27. gr.

Var

- Stjórn félagsins skal sjá um að félagsmenn kjósi trúnaðarmenn á vinnustöðum samkvæmt 28. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og 9. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Skýring: Óbreytt – verður 27. gr.

25. gr. verður 28. gr.

Var

- Stjórn, að höfðu samráði við viðkomandi samninganefnd tekur ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls, og fer um boðunina skv. 15. gr. laga nr. 94/1986 eða II. kafla nr. 80/1938 eftir því sem við á.

Verður

- Stjórn, að höfðu samráði við viðkomandi samninganefnd tekur ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu um boðun verkfalls, og fer um boðunina skv. 15. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 eða II. kafla lagaum stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 eftir því sem við á.
- Samkomulag um kjarasamning skal samninganefnd félagsins undirrita með fyrirvara.
- Um endanlegt samþykki þeirra félagsmanna sem kjarasamningurinn tekur til, skal viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu eins fljótt og kostur er.
- Samninganefnd tekur ákvörðun um frestun eða afboðun verkfalls eftir undirritun kjarasamnings.

Skýring: Hér hefur verið færð inn grein sem var fyrr í lögnum og á heima undir verkföll og aðrar vinnudeilur

29. gr. - ný grein

Var

- Heimilt er að láta fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu í félaginu um stærri mál. Stjórn tekur ákvörðun um allsherjaratkvæðagreiðslu og niðurstaða atkvæðagreiðslunnar er endanleg ákvörðun.
- Kjörstjórn sér ásamt stjórn félagsins um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslna og skal hún sjá um að þær fari fram á tryggilegan hátt. Heimilt er að viðhafa rafræna kosningu samkvæmt frekari ákvörðun kjörstjórnar. Kjörstjórn staðfestir kjörskrá og ákveður hverju sinni meðferð kjörgagna og fyrirkomulag á talningu atkvæða.

Skýring: Skerpa á allsherjaratkvæðagreiðslu

25. gr. verður 30. gr.

Var

- Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi að ákveða að vísa þeim tillögum til lagabreytingar, sem mikla þýðingu hafa, til samþykktar eða synjunar félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu og þurfa tillögur að lagabreytingum að hafa borist stjórn félagsins fjórtán dögum fyrir aðalfund. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi þarf að samþykkja þær með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.
- Ákvæði 27. gr. laga þessara verður ekki breytt nema með samþykki tveggja aðalfunda.

Verður

- Lögum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi. Heimilt er þó á aðalfundi að ákveða að vísa þeim tillögum til lagabreytingar, sem mikla þýðingu hafa, til samþykktar eða synjunar félagsmanna í allsherjaratkvæðagreiðslu og þurfa tillögur að lagabreytingum að hafa borist stjórn félagsins fjórtán dögum fyrir aðalfund. Tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund. Til þess að lagabreytingar öðlist gildi þarf að samþykkja þær með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.
- Ákvæði 31. gr. laga þessara verður ekki breytt nema með samþykki tveggja aðalfunda.

Skýring: Viðbót: tillögur til lagabreytinga skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins 10 sólarhringum fyrir aðalfund. vísun í 27. gr. breytt í 31. gr.

27. gr. verður 31. gr.

Var

- Leysist félagið upp eða verði lagt niður, þarfnast sá gjörningur tveggja aðalfundarsamþykktu og staðfestingar 2/3 hluta greiddra atkvæða í allsherjaratkvæðagreiðslu. Fyrir fyrri aðalfundinn skal leggja fram tillögur um hvað verði um eignir félagsins er því er slitið.

Skýring: Óbreytt – verður 31. gr.

Ákvæði til bráðabirgða

Var

- Á meðan þróun er í sameiningarmálum Kjalar stéttarfélags við önnur bæjarstarfsmannafélög er stjórn félagsins heimilt að tryggja að nýsameinað félag fái einn stjórnarmann í stjórn félagsins fram að næsta stjórnarkjöri. Einnig skal stofnuð ný deild með nafni hins nýsameinaða félags.

Skýring: Vegna áframhaldandi sameininga